



Rangárþing ytra
H. Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hellu

Dagsetning 21. október 2024
Málsnúmer FOR24100077

Forsætisráðuneytið vísar til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, frá 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um veitingu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku við Tungnaáreyrar í sveitarfélaginu.

Landsvirkjun óskar eftir því að gefið verði út framkvæmdaleyfi, fyrir efnistöku, allt að 50.000 m³, á efnistökuastað E70 við Tungnaá sem er á aðalskipulagi sveitarfélagsins, skv. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð efnistaka er ætluð til framkvæmda við vindorkuver við Vaðöldu, sem gengið hefur undir nafninu Búrfellslundur. Um er að ræða svæði á afrétti sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar.

Landsvirkjun mun ganga eins vel frá svæðinu við E70 eins og kostur er, og áhersla verður lögð á að frágangur verði þannig að komið verði í veg fyrir rof eða uppblástur á svæðinu.

Umrædd efnistaka við Langöldu er innan Landmannaafreittar sem er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2003. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998.

Ráðuneytið minnr á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að veitt verði framkvæmdaleyfi vegna efnistöku við Tungnaáreyrar í Rangárþingi ytra en lögð er áhersla á að sem minnst rask verði á landslagi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Tekið skal fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið komi til frekari efnistöku á svæðinu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra eftir umboði

Regína Sigurðardóttir
Regína Sigurðardóttir